

187
4. nóv.

AUGLÝSING

um breyting á kærufresti til ríkisskattanevndar.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 16 10. apríl 1946, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattanevndar vera til 20. þ. m. alls staðar á landinu.

Fjármálaráðuneytið, 4. nóvember 1949.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

188
7. nóv.

REGLUGERÐ

fyrir bændaskólana að Hólum og Hvanneyri og fyrir framhaldsnám í búfræði að Hvanneyri.

A. Búfræðinám.

I. Tilgangur skólans og námstími.

1. gr.

Tilgangur bændaskólanna er að veita bændaeftum hagnýta þekkingu í búnaði.

2. gr.

Skólarnir starfa í tveimur deildum, yngri og eldri deild. Þá skal setja 15. október ár hvert. Námstíminn er þrjú misseri, tveir vetur og eitt sumar. Eigi skal segja skólunum upp síðar en 30. apríl. Jólaleyfi skal vera frá 22. desember til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Kennsla fer ekki fram 1. desember. Auk þess getur skólastjóri fellt niður kennslu allt að einum degi í senn, þegar sérstaklega stendur á.

Heimilt er að taka nemendur til ársdvalar í skólana, ef þeir hafa aflað sér bóklegar þekkingar annars staðar, er samsvari a. m. k. námi yngri deildar, en skylt er þeim að taka þátt í verklegu námi jafn langan tíma og aðrir nemendur og ganga undir próf í þeim námsgreinum yngri deildar, er skólastjóri ákveður.

II. Inntaka og inntökuskilyrði.

3. gr.

Skriflega beiðni um upptöku í skólana skal senda skólastjóra fyrir lok ágústmánaðar ár hvert. Skólastjóri veitir inntöku í skólann og svarar umsækjendum.

4. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólana eru þessi:

- a. að umsækjandi sé fullra 18 ára; þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með;
- b. að hann hafi unnið minnst eitt ár við landbúnaðarstörf eftir fermingu;
- c. að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi;